

Fjólubláa húfan ehf.
Sundstræti 33
400 Ísafjörður

Reykjavík 13. júlí 2018
UST201806-300/P.B.S.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku - tófugreni á Hornströndum

Samantekt á lýsingu umsóknar:

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Hauks Sigurðssonar fyrir hönd Vestfjarðastofu, dagsett 23. júní, um leyfi til kvikmyndatöku innan friðlands á Hornströndum.

Friðland á Hornströndum

Hornstrandir eru friðland skv. auglýsingu um friðland á Hornströndum nr. 332/1985 í B-deild Stjórnartíðinda. Friðlönd eru friðlýst til að vernda tilteknar vistgerðir og búsvæði og til að styrkja verndun tegunda lífvera sem eru sjaldgæfar eða í hættu samkvæmt útgefnum válistum eða til að vernda lífríki sem er sérstaklega fjölbreytt eða sérstætt. Samkvæmt 4. grein í auglýsingu um friðlandið þá er gangandi fólki heimil för um svæðið. Þó er skylt að ganga þannig um að ekki sé spillt lífríki, jarðmyndunum og mannvirkjum. Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Umhverfisstofnunar.

Á Hornströndum eru refir alfriðaðir og friðlandið því talið eitt helsta griðland refa á Íslandi. Um refagreni á grenjatíma gilda lög nr. 64/1994 og reglugerð 437/1995 um refaveiðar. Þar segir að ekki megi raska eða valda truflun við refagreni á grenjatíma sem er skilgreindur 1. maí. - 31. júlí ár hvert, þá kemur einnig fram í 12. gr. laganna að ekki megi hafa óþarfa umgang í kringum greni.

Lýsing verkefnis:

Titill verkefnisins er *Yrðlingar í 360 gráðum*. Áætlað er að starfsmaður sé einn á ferð og mun hann setja upp eitt tjald á opinberu tjaldstæði. Fara þarf að tófugreni tvisvar og koma þar fyrir framan lítilli 360 gráðu myndavél. 2 klukkustundum síðar verður myndavélin sótt og verkefnið klárast. Einnig er óskað eftir leyfi til að fljúga flygildi á Hornbjargi og þar í kring.

Álit Náttúrufræðistofnunar Íslands

Í ljósi þess að Hornstrandir er flokkað sem friðland þar sem áhersla er á lífríkisvernd og þess að Náttúrufræðistofnun Íslands stundar rannsóknir á refum innan friðlandsins þá óskaði Umhverfisstofnun eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Náttúrufræðistofnun telur að ekki sé hægt að réttlæta þá truflun og hættu sem drónaflug getur skapað við fuglabjörg á þeim

tíma sem varp er í hámarki þegar tilgangurinn er myndataka í auglýsinga- eða kynningarskyni. Þá kemur einnig fram í álitum stofnunarinnar að viðvera fólks og uppsetning á hverskyns hlutum í nálægð við refagreni telst til truflunar og því ætti ekki að leyfa slíkt, nema í rannsóknaskyni og að vel athuguðu máli. Þá benda niðurstöður rannsókna sterklega til þess að viðvera við greni hafi mikil neikvæð áhrif á hegðun fullorðinna dýra og afkomu yrðlinga.

Áhrifamat

Umhverfisstofnun telur að til að hægt sé að heimila myndatökur eins og fjallað er um í þessari umsókn er nauðsynlegt að velja upp hver tilgangur myndatökunnar er. Ef myndatakan er hugsuð í markaðssetningarskyni, til að auka fjölda ferðamanna á svæðinu og þá um leið að auka fjölda þeirra sem vilja leita uppi greni og yrðlinga, þá er það andstætt þeirri stefnu sem unnið er með á svæðinu sem felur í sér að vernda viðkvæmt dýralíf og refi innan friðlandsins. Mikilvægt er að allar leiðir séu notaðar til að upplýsa ferðamenn um friðhelgi tófunnar á grenjum og að myndatökur við greni séu ekki heimilar.

Sú truflun sem myndatakan og uppsetning myndavélarinnar kann að hafa, gæti haft þau áhrif að tófan flytji sig milli grenja. Í sumar hefur verið mikið álag á grenjum á Hornbjargi og eru refir því nú mun meira á ferðinni milli grenja en áður hefur sést samkvæmt upplýsingum frá rannsóknaraðilum. Ekki er víst að hægt sé að ganga að greni vísu og því gæti farið svo að myndatökumaður þurfi að fara á milli grenja og leita uppi greni í ábúð.

Samkvæmt upplýsingum umsækjanda um fyrirhugaða flugleið þá er hugmyndin að fljúga fram yfir bjargbrún og þar með nálægt varpfugli, þá gæti það flug haft mikil og neikvæð áhrif á fugl í bjargi.

Niðurstaða

Í ljósi framangreinds telur Umhverfisstofnun að sú myndataka við greni sem sótt er um leyfi fyrir og kvikmyndataka með dróna hafi veruleg truflandi áhrif á dýralíf innan friðlandsins. Ennfremur þarf að taka tilliti til þess að refir eru alfriðaðir innan friðlands á Hornströndum sbr. reglugerð 437/1995. Umhverfisstofnun synjar því umsókn um leyfi til kvikmyndatöku við greni og að fljúga með dróna innan friðlands á Hornströndum.


Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllst



Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri



Kristín Ósk Jónasdóttir
Sérfræðingur